19.12.2011- 30

Viðræður ganga hægt

Mikil vinna er í gangi vegna kjarasamnings Félags grunnskólakennara (FG) og Samninganefndar sveitarfélaganna (SNS). Eins og flestum er í fersku minni var samið í maí sl. um sambærilegar launahækkanir og aðrir fengu til ársins 2014. Einnig var ákvæði í samningnum um að aðilar skyldu ræða um fleiri mál s.s. um Vonarsjóðinn, mat á frekara námi, vinnutíma og starfsaðstæður kennara.

Eins og fram kemur í samningnum stefndu aðilar að því að ná samkomulagi fyrir desemberlok um eitthvað af þessum málum. Ekki er verið að ræða um eiginlegar kauphækkanir, enda búið að ganga frá samningum um það.

Stefnt er að því að aðilar nái samkomulagi um breytingar fyrir 31. desember 2011. Það samkomulag verði borið undir félagsmenn FG í almennri atkvæðagreiðslu og skal niðurstaða hennar liggja fyrir eigi síðar en 16. febrúar 2012. Samþykki félagsmenn FG þær breytingar, taka þær gildi frá upphafi skólaársins 2012-2013. Felli félagsmenn FG umræddar breytingar eða náist ekki samkomulag um breytingatillögur, fellur kjarasamningurinn úr gildi frá 29. febrúar 2012 án sérstakrar uppsagnar.

Ljóst er að ekki næst samkomulag á umsömdum tíma. Vinna af hálfu sveitarfélaganna gekk mjög hægt framan af. Á síðustu vikum hefur verið bærilegur gangur í viðræðunum. Strax eftir jólaleyfi verður send út könnun á vegum FG og SNS til allra kennara þar sem starfsaðstæður þeirra verða kannaðar. Mikilvægt er að allir svari fljótt og örugglega.

Unnið verður áfram milli jóla og nýárs og svo funda samningsaðilar strax í upphafi ársins 2012.

Mínar síður - breytingar

Undanfarna mánuði hafa félagsmenn getað sótt um styrki í sjúkra- og endurmenntunarsjóði á „Mínum síðum“ KÍ og farið þaðan á bókunarvef Orlofssjóðs. Frá og með 15. nóvember síðastliðinn verður bókunarvél orlofssjóðs einungis aðgengileg á „Mínum síðum“. Þetta er gert að kröfu Persónuverndar sem hefur gagnrýnt hversu opin bókunarvélin hefur verið fram að þessu.

Almenn ánægja hefur verið með „Mínar síður“ en þó hefur borið á gagnrýni varðandi lykilorðin, bæði erfiðleika við að nálgast þau og einnig hafa þau þótt óþjál í notkun meðal annars vegna þess að ekki er hægt að breyta þeim.

Til að bregðast við þessum athugasemdum hefur verið ákveðið að breyta aðgangsstýringunni og hætta notkun þeirra lykilorða sem nú eru virk. Frá og með 15. nóvember næstkomandi mun auðkenning fara fram með auðkenningarþjónustu www.island.is. Sú þjónusta býður upp á tvær leiðir:

•Veflykil ríkisskattstjóra. Allir landsmenn 18 ára og eldri geta fengið veflykil og þegar í stað nýtt sér þá þjónustu sem byggir á auðkenningunni.
•Rafræn skilríki á debetkorti. Þetta er öruggasta auðkenningarleiðin og er ætluð sem framtíðarlausn þegar slík skilríki eru komin í almenna notkun.
Þeir félagsmenn sem nú þegar nota veflykil ríkisskattstjóra til dæmis við skil á skattframtali nota þann lykil við innskráningu á „Mínar síður“ KÍ frá og með 15. nóvember 2011. Félagsmönnum sem ekki hafa fengið sér veflykil ríkisskattstjóra er bent á á gera það fyrir 15. nóvember næstkomandi svo þeir hafi aðgang að „Mínum síðum“ KÍ. Nánari upplýsingar eru á síðunni www.skattur.is.

Þeir félagsmenn sem nú þegar nota debetkort við innskráningu til dæmis á www.skattur.is eða www.island.is geta notað kort við innskráningu á „Mínar síður“ KÍ.

Við hvetjum alla félagsmenn til að kanna hvort þeir eru með virkan veflykil frá ríkisskattstjóra og sækja um hann ef svo er ekki.

Ný reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum

Allt frá setningu grunnskólalaganna 2008 hefur verið unnið að gerð heildstæðrar reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í víðtæku samráði við hagsmunaaðila. Lögð hefur verið mikil áhersla á að ná sátt um þessa reglugerð sem ætlað er víðtækt hlutverk hvað varðar m.a. skólabrag, agamál, eineltismál, ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í þeim efnum og málsmeðferð í skólum þegar misbrestur verður á tilteknum atriðum.

http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6337

1. febrúar 2012 verður greidd eingreiðsla upp á 25.000 kr.

Nýjar úthlutunarreglur sjúkrasjóðs KÍ voru samþykktar fyrsta október. Helstu breytingar eru þær að sjúkradagpeningar og útfararstyrkur hækkuðu. Þá eru teknir inn tveir nýir þættir í flokki forvarna krabbameinsleit í blöðruhálskirtli og ristli.